



LITLI SÁMUR

FRÉTTABRÉF HUNDARÆKTARFÉLAG ÍSLANDS
4.tbl – apríl 2016

Skrifstofa HRFÍ vill byrja á að óska öllum félagsmönnum **gleðilegra páska** með von um að þið hafið haft það gott yfir páskahátíðina.



Göngu- og skemmtinefnd Retrieverdeildar HRFÍ stóð fyrir **páskaeggjaleit** í Sólheimakoti sunnudaginn **20. Mars**. Í Marsmánuði hefur Veiðinefnd deildarinnar staðið fyrir opnum húsum í Sólheimakoti og boðið upp á sameiginlegar æfingar fyrir byrjendur jafnt sem reynda. Mjög góð mæting hefur verið á æfingarnar og skemmtilegar samræður átt sér stað yfir heitum kaffibolla í Kotinu. Veiðinefnd mun halda uppteknum síð og býður upp á opin hús 9. & 16. apríl frá kl. 11-13 og eru allir velkomnir.



30. mars síðastliðin rann út **framboðsfrestur til stjórnar HRFÍ** og eftirfarandi aðilar gáfu kost á sér í aðalstjórn og til vara í varastjórn:

- Auður Sif Sigurgeirsdóttir
- Guðbjörg Guðmundsdóttir
- Ingibjörg Ólafsdóttir
- Þorsteinn Thorsteinsson

Eftirfarandi gaf kost á sér í aðalstjórn:

- Sóley Halla Möller

Fuglahundadeild HRFÍ hélt **Ellaprófið 19. mars** í blíðskaparveðri og var mæting mjög góð. Dómarar prófsins voru Pétur Alan Guðmundsson og Svafar Ragnarsson, prófstjóri var Unnur Aðalheiður Unnsteinsdóttir og fulltrúi HRFÍ var Pétur Alan Guðmundsson. Prófið gekk vel, en lítið var þó um fugl á svæðinu. 1. einkun í opnum flokki fékk Húsavíkur Kvika, var hún einnig valin besti hundur prófs í opnum flokki og fékk til varðveislu Náttúrubarnið farandbikar sem gefinn var í minningu Erlends Jónssonar fuglahundadómara.



Á döfinni:

Fyrsta **deildarsýning Siberian Husky deildar HRFÍ** verður haldinn þann **9. apríl 2016**. Dómarinn sem mun dæma að þessu sinni er Donna Beckman frá USA. Sýningin verður haldin í húsnæði Gæludýr.is á Korputorgi.

Retrierverdeild HRFÍ verður með fyrsta veiðipróf ársins þann **23. apríl** næstkomandi. Mun prófið fara fram á Akranesi. Dómari prófs verður Sigurður Magnússon.

Ritara- og hringstjóranámskeið verður haldið laugardaginn **23.apríl** kl. 10-17 ef næg þáttaka fæst. Skráning hjá skrifstofu félagsins í síma 588 5255 eða á hrfi@hrfi.is

Dagur Ungmennadeildar HRFÍ verður haldinn hátíðlegur sunnudaginn **10. apríl** nk. í Gæludýr.is á Korputorgi. Kaffisala verður á staðnum í umsjón deildarinnar en deildin verður því miður ekki með posa. Keppt verður í ýmsum flokkum, allt frá 3 ára og uppúr. Vinsamlega athugið að síðasti skráningafrestur er í dag 1.apríl.

Dagur Ungmennadeildar HRFÍ

Dagur Ungmennadeildar HRFÍ verður haldinn hátíðlegur sunnudaginn 10. apríl nk. í Gæludýr.is á Korputorgi og mun dagskráin hefjast kl. 13:00.

Deildin býður upp á keppnisflokka fyrir alla áhugasama sýnendur; börn, unglinga og fullorðna!

- Börn 3-5 ára (árið gildir)
- Börn 6-8 ára (árið gildir)
- Yngri flokkur ungra sýnenda 9-12 ára (árið gildir)
- Eldri flokkur ungra sýnenda 13-17 ára (árið gildir)
- Fullorðinsflokkur 18-34 ára (árið gildir)
- Fullorðinsflokkur 35 ára og eldri

Skráning fer fram á heimasíður Ungmennadeildar HRFÍ (<http://ungmennadeild.weebly.com>) og er síðast skráningadagur er föstudagurinn 1. apríl.



Hið rómaða **bingó Chihuahuedeildar** verður haldið miðvikudaginn **20. apríl** kl. 19:30 í Sólheimakoti, kaffi og kökusala verður á staðnum.

Opnað hefur verið fyrir skráningu á **tvöfalda afmælisýningu Schnauzerdeildar** sem verður 7. - 8. maí nk.